

*Lög um breyting á lögum um prentsmiðjur*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 80, bls. 478—479).

*Lög um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóvbr, 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 81, bls. 480—481).

*Lög um heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskulda-brjef*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 82, bls. 482—485).

*Lög um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. oktbr. 1883*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 83, bls. 486—489).

*Lög um vatnsveitu fyrir Reykjavík*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 84, bls. 490—495).

*Lög um brunamál*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 85, bls. 496—513).

*Lög um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 86, bls. 514—519).

## 102 **Brjef stjórnarráðsins til biskups viðvíkjandi skýrslum um**

6. desbr. **fólksfjölda, fæðingar og andlát.** Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 23. þ. m., hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum landlæknis og með ráði yðar skipað svo fyrir um, að prestar landsins og löggiltir forstöðumenn utanþjóðkirkjusafnaðar skuli eftirleiðis senda viðkomandi hjeraðslæknum árlega yfirlitsskýrslu eftir meðsendri fyrirmynd og eyðublaði yfir fólksfjölda, fæðingar og andlát í sóknum þeirra ár hvert, í fyrsta skifti fyrir árið, sem er að líða. Þessar yfirlitsskýrslur eiga að afgreiðast til hjeraðslækna á sama tíma sem prestar senda ársskýrslur sínar til prófasta.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir prestum landsins.

## 103 **Brjef stjórnarráðsins til landlæknis viðvíkjandi skýrslum yfir-**

7. desbr. **setukvenna um andvanafædd börn.** Samkvæmt tillögum yðar, herra landlæknir, í brjefi 7. f. m., og biskups, hefir stjórnarráðið skipað svo fyrir, að skýrslur yfirsetukvenna um andvanafædd börn skuli frá næstu áramótum sendar viðkomandi héraðslæknum í staðinn fyrir til prestanna. Ber hjeraðslæknum að sjá um að hlutadeigandi yfirsetukona gefi skýrslu um hverja andvanafæðingu í læknishjeruðum þeirra, og senda síðan allar slíkar skýrslur fyrir ár og ár í senn til landlæknis.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari aðgjörða og birtingar.